# *Nr. 043 / 09 Friðgeir Eyjólfsson HF 79*

## *Fær í skrúfuna og dreginn til hafnar*

*Skipaskr.nr.* 6070
*Smíðaður:* Reykjavík 1979 plast
*Stærð:* 3,3 brl. 4,1 bt.
*Mesta lengd:* 8,19 m *Skráð lengd:* 7,82 m
*Breidd:* 2,17 m *Dýpt:* 1,02 m
*Vél:* Sabb Diesel 50 kW 1980
*Fjöldi skipverja:* 1




Friðgeir Eyjólfsson ©Hafþór Hreiðarsson

***Gögn:***
*Gögn RNS*

*Málið afgreitt á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 3. maí 2009 var Friðgeir Eyjólfsson HF 79 á netaveiðum á Hafnarfirði fyrir utan álverið í Straumsvík. Veður: V m/sek

Þegar bátsverjinn var að leggja síðustu grásleppunetatrossuna lenti hún í skrúfunni svo vélin stöðvaðist og dróst þá öxullinn aftur úr öxultenginu aftan við gírinn. Óskaði hann eftir aðstoð og kom björgunarskip frá Björgunarfélagi Hafnarfjarðar og dró Friðgeir Eyjólfsson HF til hafnar.

### *Við rannsókn kom fram:*

- að tengið var „blöðrutengi“ sem hert er utan um enda skrúfuöxuls og gíröxuls;
- að bátsverjinn sagðist hafa verið með legubúnað en taldi sig ekki hafa þurft að nota hann.

### *Nefndarálit:*

Nefndin ályktar ekki í málinu.